

Hvað er á seyði um helgina?



Messur

Guðsjónustur í Reykjavíkurprófastsdæmi sunnudaginn 28. sept. 1980.

ARBÆJARPRESTAKALL: Guðsjónusta í safnaðarheimili Árbæjarsóknar kl. 11 árd. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.

ÁSPRESTAKALL: Messa kl. 11 árd. að Norðurbrúnn 1. Sr. Grímur Grímsson.

BREIÐHOLTSPRESTAKALL: Fjölskylduguðsjónusta í Breiðholtssk. kl. 2. Skólafólk, ung hjón, fermingarborn og foreldrar þeirra sérstaklega hvött til þátttöku Sr. Lárus Halldórsson.

BÚSTADAKIRKJA: Messa kl. 11. Organleikari Guðni Þ. Guðmundsson. Sr. Ólafur Skúlason.

DÖMKIRKJAN: Kl. 11 messa. Dömkörinn syngur, organleikari Martinn H. Friðriksson. Sr. Hjalti Guðmundsson.

LANDAKOTSSPITALI: Messa kl. 10. Organleikari Birgir As Guðmundsson. Sr. Hjalti Guðmundsson.

ELLIHEIMILÍÐ GRUND: Messa kl. 10 árd. Sr. Sig. Haukur Guðjónsson messar.

FELLA— og HOLAPRESTAKALL: Guðsjónusta í safnaðarheimilinu að Keilufelli kl. 11 árd. Sr. Hreinn Hjartarson.

GRENSÁSKIRKJA: Guðsjónusta kl. 11. Organleikari Jón G. Þórarinnsson. Almenn samkoma nk. fimmtudag kl. 20.30. Sr. Halldór S. Gröndal.

HALLGRÍMSKIRKJA: Messa kl. 11. Sr. Karl Sigurbjörnsson. Þriðjudagur kl. 10.30: Fyrirbæna-guðsjónusta. Beðið fyrir sjúkum.

LANDSPÍTALINN: Messa kl. 10. Sr. Karl Sigurbjörnsson.

HATEIGSKIRKJA: Messa kl. 11. Sr. Arngrímur Jónsson. Organleikari Orthulf Prunner.

KÓPAVOGSKIRKJA: Guðsjónusta kl. 11 árd. (Ferming og altarisanga). Sr. Arni Pálsson.

LANGHOLTSPRESTAKALL: Guðsjónusta kl. 2. Organleikari Jón Stefánsson. Prestur sr. Sig. Haukur, Guðjónsson. Sóknarnefndin.

LAUGARNESKIRKJA: Messa kl. 11. Þriðjudagur 30. sept. Bænaguðsjónusta kl. 18 og æskulyðsfundur kl. 20.30. Sóknarprestur.

NESKIRKJA: Guðsjónusta kl. 11. Öregl og kórstjórn Reynir Jónsson. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson.

FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK: Messa kl. 2 e.h. Prestur sr. Þorsteinn Björnsson. Organleikari Sigurður Ísólfsen.

DÖMKIRKJA KRISTS KONUNGS, Landakoti: Lágnessa kl. 8.30 árdegis. Hánessa kl. 10.30 árdegis.

Lágnessa kl. 14. Alla virka daga er lágnessa kl. 18 nema laugardaga, þá kl. 14.

FELLAHELLIR: Kapólsk messa kl. 11 árdegis.

KAPELLA St. JÓSEPPSYSTRA: Hafnarfirði: Há-messa kl. 14.

KÓPAVOGSKIRKJA

Ferming í Kársnesprestakalli sunnudaginn 28. september kl. 11 árd. Prestur: Sr. Arni Pálsson. Elinborg Dagmar Lárusdóttir, Kötufelli 5, Reykjavík. Lára Hallveig Lárusdóttir, Kötufelli 5, Reykjavík. Guðlaug Ólafsdóttir, Auðbrekku 19, Kópavogi. Kristinn Ólafsson, Auðbrekku 19, Kópavogi. Bjarni Vilhjálmsson, Hlaðbrekku 20, Kópav. Pálmi Bergmann Vilhjálmsson, Hlaðbrekku 20, Kópavogi.

Listasöfn

Sýningar



Jónas Guðvarðsson á sýningu sinni í Norræna húsinu.

KJARVALSSTAÐIR: Haustsýning Félags íslenskra myndlistarmanna. Opnar laugardag kl. 15 og stendur til 12. október. Opíð 14—22 alla daga.


NORRÆNA HÚSIÐ: Jónas Guðvarðsson, myndverk. Opíð 14—22 alla daga. Lýkur sunnudagskvöld.

ANDDYRIR: Una Dóra Copley, málverk, klippimyndir og vatnslitamyndir. Lýkur sunnudagskvöld.

LISTASAFN ÍSLANDS v/Suðurgötu: Opíð þriðjud. fimmtud., laugard. og sunnud. frá 13.30—16. Málverk, höggmyndir, grafík og teikningar eftir íslenska og erlenda listamenn.

ÞJÖDMINJASAFNID v/Suðurgötu: Opíð miðvikud., fimmtud., laugard. og sunnud. frá 13.30—16.

ASMUNDARSALUR: Kristján Jón Guðnason.



Séð yfir sal Listasafns Alþjóðu við Grensásveg.



1. Hluti sýningarnefndar FÍM innan um aðsend verk. Á myndinni eru f.v. Snorri Sveinn Friðriksson, Guðbergur Auðunsson, Hringur Jóhannesson, Magnús Kjartansson, Örn Þorsteinsson, form. og Björgvin Sigurgeir Haraldsson. Á myndina vantar þau Gunnar Örn Gunnarsson, Jónínu Guðnadóttir og Gunnlaug Stefánsson.

(DB-mynd Einar).

Myndlist:

HAUSTSÝNINGIN HEFST UM HELGINA

Einn merkasti viðburður ársins á myndlistarsviði er jafnan Haustsýning Félags íslenskra myndlistarmanna, en hún verður einmitt opnuð nú á laugardag kl. 15 í vestursal og gangi Kjarvalsstaða. Tilhögun á Haustsýningum hefur jafnan verið á þá leið að félagsmenn hafa verið í meirihluta sýnenda, en síðan hafa utanfélagsmenn getað sent inn verk sín til mats og sýningar. Í ár ákvað sýningarnefnd að breyta til og var 5 mætum myndlistarmönnum boðið að mynda eins konar kjarna sýningarinnar og verður verkum annarra síðan raðað utan um hann. Gestirnir

eru Ásgerður E. Búadóttir vefari, Guðmundur Benediktsson myndhöggvari, Leifur Breiðfjörð glermyndasmiður, Valtýr Pétursson listmálari og Þóroddur Hall grafiker. Stór hluti sýningarskrár er síðan helgaður fimmmenningunum, sömuleiðis hefur FÍM látið prenta vönduð póstkort eftir myndverkum þeirra og verða þau til sölu á sýningunni.

Það var glatt á hjalla þegar sýningarnefnd kom saman á þriðjudag til að kynna sýninguna.

Þá hafði mikið magn mynda borist og byrjað hafði verið á að flokka

þau, en mikið magn aðsendra verka frá utanfélagsmönnum beði þá dómnefndar, en formaður hennar er Örn Þorsteinsson.

Formaður FÍM er Sigrún Guðjónsdóttir (Rúna) leirkerasmiður og listmálari. Sagðist hún ekki enn hafa séð öll þau verk sem borist hefðu, en sagði hins vegar að það væri bagalegt fyrir félagið hve fáir félagsmenn sendu inn verk sín. Þó kvaðst hún vera bjartsýn á að þessi sýning mundi smella saman og mynda fallega heild. Haustsýning FÍM stendur til sunnudagskvölds 12. október.

- AÍ

Leikrit:


Ofvitinn endurborinn

Í kvöld, fimmtudagskvöld, byrja aftur sýningar á Ofvitnum eftir Þórberg Þórðarson og Kjartan Ragnarsson og verður þetta 101sta sýningin. Þegar sýningum lauk í vor, voru áhorfendur orðnir um 23 þúsund talsins.

Þegar Ofvitinn var frumsýndur, hlaut hann strax mjög góða blaðadóma. M.a. segir Ólafur Jónsson í umsögn sinni í DB: „Það er best að segja strax eins og er: það tókst á laugardaginn í Iðná sem maður að öreynnd hefði kannski ætlað að ekki væri hægt að gera. Úr því að endilega þurfti að búa til leikrit eftir Ofvitnum um hygg ég að það verk hafi tekist alveg merkilega vel . . .”

Ennfremur segir Ólafur: „Undur má heita ef Ofvitinn í Iðná á ekki sambærilegar vinsældir visar á næstunni og þau verk af þessu tagi sem áður hafa best tekist og mestrar hylli notið”. Hafa þetta reynst orð að sönnu og meðal þeirra viðurkenninga sem Kjartan Ragnarsson hefur hlotið fyrir leikgerð sína eru Menningarverðlaun DB 1980.

Sextán leikarar koma fram í sýningunni og fara flestir þeirra með eitt hlutverk hver, en aðalhlutverk eru í höndum þeirra Jóns Hjartarsonar sem leikur Þórberg eldri og Emils Gunnars Guðmundssonar sem leikur Þórberg yngri, en samleikur þeirra þótti takast með afbrigðum vel. Um hans segir Ólafur Jónsson: „Margt




Úr Ofvitnum: Þórbergur í heimsókn í Unuhúsi. Jón Júlíusson sem Erlendur, Emil Gunnar Guðmundsson sem Þórbergur yngri, Margrét Ólafsdóttir sem Una og Jón Hjartarson sem Þórbergur eldri.

(var) fint og natið í samleik þeirra í sýningunni, hins ráðsetta sögumanns og dýttóttu söguhetju á ungum aldri.”

Mörg af ljóðum Þórbergs úr Eddu hans eru sungin á þessari sýningu og hefur Atli Heimir Sveinsson tónskáld ýmist útsett gamalþekkt lög eða

frumsamið önnur sérstaklega fyrir sýninguna. Sviðsmynd hefur Steinþór Sigurðsson gert og bregður hann m.a. upp ljósmyndum úr safni Sigfúsar Eymundssonar. „Umgerð (sýningarinnar) er enn eitt meistarabragð Steinþórs,” segir Ólafur Jónsson að lokum.

- AÍ



Guðrún Tryggvadóttir heldur fyrstu einkasýningu sína í Djópinu. Sýnir hún ljósmyndir, fótókóplur o.þ. Hér er hluti af verki eftir hana.

vatnslitamyndir. Opíð til 28. sept. kl. 16—22 virka daga, 14—22 um helgar.

LISTASAFN ALÞYÐU, Grensásvegi 16: Sýning á listaverkacign safnsins. Opíð virka daga frá 14—18, 14—22 um helgar.

SAFN EINARS JÓNSSONAR, Skólavörðuholti: Opíð miðvikud. og sunnud. frá 13.30—16. Lbúð Einars Jónssonar á efri hæð opin almenningi.

LISTMUNAHÚSIÐ, Lækjargötu 2: Andres Tinsbo, skúlptúr, Anette Hoffensen, Kim Naver, Margarete Agger, vefnaður. Opíð 10—18 virka daga, 14—18 um helgar.

ASGRIMSSAFN, Bergstaðastræti 74: Sýning á verkum Asgríms Jónssonar. Opíð þriðjud., fimmtud. og laugard. frá 13.30—16.

HÖGGMYNDASAFN ASMUNDAR SVEINSSONAR: Opíð þriðjud., fimmtud., laugard. og sunnud. frá 13.30—16.

DJÚPIÐ, Hafnarstræti (Horn): Guðrún Tryggvadóttir opnar laugardag kl. 15. Opíð 11—23.30 alla daga.

GALLERÍ SUÐURGATA 7: Sumarsýning. Opnar laugard.

ARBÆJARSÁFN: Opíð samkv. umtali. Sími 84412 alla virka daga milli 9 og 10.

MOKKA-KAFFI, Skólavörðustígur: Úlfur Ragnarsson, ný verk. Opíð alla daga 9—23.30.

GALLERÍ KIRKJUMUNIR, Kirkjustræti 10: Sigrún

Jónsdóttir, batik, kirkjumunir. Opíð 9—18 virka daga, 9—16 um helgar.

GALLERÍ GUÐMUNDAR, Bergstaðastræti 15: Málverk, grafík og teikningar eftir innlenda og erlenda listamenn: Weissauer, Örygur Sigurðsson, Eyjólfur Einarsson, Jóhannes Geir, Kristján Guðmundsson. Opíð alla virka daga.


GALLERÍ NONNI, Hverfisgötu: Nonki sýnir pönk FÍM-SALURINN, Laugarnesvegi 112: Lars Hofsjö, vatnslitamyndir, teikningar og drög að veggskreytingum. Opnar laugardag kl. 16.

HAMRABORG 7, Kópavogi (3. hæð): Sigurður Örylgsson, ný málverk. Opíð á skrifstofutíma.

EDEN, Hveragerði: Ketill Larsen, „Þeyr frá öðrum heimi”, olíumálverk. Lýkur 29. sept.



Anders Tinsbo myndhöggvari á samsýningunni í Listmunahúsinu, en þar sýna auk hans þrír danskir vefarar.



Myndlistarmaðurinn Lars Hofsjö er þekktur í heimalandi sínu fyrir opinberar skreytingar, kennslu og grafík. Hann opnar um helgina sýningu í FÍM-safnum.